



## Beiðni læknanema í námi erlendis um klínískt verknám á lyf- og skurðlækningasviði

Nemapláss í klínísku verknámi á Landspítala eru takmörkuð. Skv. samstarfssamningi Landspítala og Háskóla Íslands eru læknanemar sem stunda nám við HÍ í forgangi um pláss.

Íslenskum læknanemum (eða nemum með tengsl við Ísland) sem stunda nám erlendis býðst að sækja um verknámspláss í lyf- og skurðlækningum að jafnaði í eftirfarandi almanaksvikum;

- Vormisseri: vikur 13-14 og 17-22
- Sumarmisseri: vikur 23-35
- Haustmisseri: vikur 50-52 + vika 1

Útfyllt [umsóknareyðublað](#) ásamt fylgigögnum\* skal senda í einum tölvupósti á netfangið [nemar@landspitali.is](mailto:nemar@landspitali.is) innan eftirfarandi umsóknarfrests:

- Umsóknarfrestur fyrir verknám á vormisseri er til 31. september
- Umsóknarfrestur fyrir verknám á sumarmisseri er til 31. desember
- Sumarskurðskóli verður í boði á skurðlækningasviði dagana 12.-23. ágúst 2024. Umsóknarfrestur er til 28. febrúar 2024
- Umsóknarfrestur fyrir verknám á haustmisseri er til 30. apríl

\*Fylgigögn:

1. Ferilskrá (CV) með upplýsingum um náms- og starfsferil
2. Staðfesting á skólavist frá háskóla með upplýsingum um á hvaða námsári nemi er og áætluð útskriftardagsetning
3. Listi frá háskóla yfir þau námskeið sem nemi hefur lokið
4. Listi frá háskóla yfir þau námskeið sem verður lokið þegar verknám hefst
5. Meðmælabréf frá einum yfirmanni sem getur staðfest frammistöðu umsækjanda í klínísku starfi eða frammistöðu sem nemanda í heilbrigðisgrein

Við mat á öllum umsóknum verður tekið tillit til eftirfarandi þátta:

1. Ófullnægjandi umsóknir verða ekki skoðaðar, t.d. óútfyllt umsóknareyðublað/fylgigögn vantar/umsóknarfrestur liðinn.
2. Ef umsóknir eru metnar jafnar og pláss ekki næg verður hlutkesti varpað.